

Akureyrarbær er nú að hefja gerð safnastefnu fyrir bæinn en vinnan er fyrsti hluti við endurnýjun menningarstefnu Akureyrar sem rann út í árslok í fyrra. Helstu markmið með gerð stefnunnar eru að:

- Marka stefnu um aðkomu Akureyrarbæjar að þeim söfnum, sýningum, sögulegum byggingum og öðrum menningarminjum sem nú þegar eru á ábyrgð Akureyrarbæjar að öllu eða verulegu leyti
- Vera leiðbeinandi um ákvarðanir um aðkomu Akureyrarbæjar að öðrum söfnum, safnavísum og sýningum í bænum
- Setja móttöku nýrra safna eða stuðning við söfn í annarra eigu í skýrann og faglegan farveg
- Skýra forgangsröðun í uppbyggingu og fjármögnun safna og sýninga auk þess að nýta opinbert fjármagn sem best
- Kortleggja mögulega sameiningu eða aukna samvinnu safna með það að leiðarljósi að auka fagmennsku starfsemi safnanna og öryggi í rekstri

Að verkinu verður ráðinn utan að komandi verkefnisstjóri og sett saman verkefnisstjórn. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er vera verkefnisstjóra til ráðgjafar, meta og rýna hvern áfanga vinnunnar, leggja til hugmyndir og tillögur um framhald. Þá er gert ráð fyrir að meðlimir verkefnisstjórnarinnar taki virkan þátt í vinnusmiðjum sem fyrirhugað er að halda.

Í verkefnisstjórnina er óskað eftir einum fulltrúa frá eftirtöldum aðilum: Eyþingi, Listasafninu á Akureyri, Minjasafninu á Akureyri, einu af minni söfnum bæjarins og frá menningarstofnun sem ekki er í safnageiranum. Auk þess munu tveir fulltrúar úr stjórn Akureyrarstofu sitja í hópnum og undirritaður mun starfa með henni einnig.

Markmiðið er ekki að fulltrúar í verkefnisstjórninni séu fulltrúar ákveðinna hagsmuna heldur er fremur stefnt að því að góð þekking og yfirsýn verði til staðar í hópnum.

Erindið með þessum pósti er að óska eftir því að Eyþing tilnefni við fyrsta tækifæri einn fulltrúa fyrir sína hönd í verkefnisstjórnina.